

Menntaskólinn á Egilsstöðum

02 307

Ársreikningur 2021

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Menntaskólinn á Egilsstöðum

kt. 610676-0579

Tjarnarbraut , 700 Egilsstaðir

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Menntaskólinn á Egilsstöðum var stofnaður árið 1979. Um 220 nemendur eru í dagskóla og um 350 nemendur eru í fjarnámi á hvorri önn. Í skólanum er heimavist fyrir um 120 nemendur. Í heimavistarhúsi er einnig mótuneyti, hátíðarsalur, kennslustofur, bókasafn og lesaðstaða. Auk þess er kennsluhús með skrifstofum, skólastofum (þ.m.t. fyrirlestrasal) og vinnuaðstöðu kennara. Íþróttir eru kenndar í glæsilegri Íþróttamiðstöð Fljótsdalshéraðs.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnavið 20 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2021 var ársveltan kr. 653,8 milljónir og afkoma kr. -52,1 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -61,7 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 107,7 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2021 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Menntaskólans á Egilsstöðum í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Menntaskólans á Egilsstöðum fyrir árið 2021 með rafrænni undirritun sinni.

Árni Ólason
Skólameistari

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	588.500.000	611.873.859
Aðrar tekjur	3	35.812.500	31.137.500
Seld þjónusta		60.101	340.500
Vörusala		596.390	802.000
Framlög og ýmsar tekjur	4	22.727.904	10.670.792
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	6.098.434	6.289.402
Tekjur samtals		653.795.329	661.114.053
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	5	524.985.975	500.124.667
Framlög og tilfærslur		0	50.000
Annar rekstrarkostnaður	6	173.162.708	178.215.479
Afskriftir	7	6.098.434	6.289.402
Gjöld samtals		704.247.117	684.679.548
Afkoma fyrir fjármagnsliði		(50.451.788)	(23.565.495)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður		(5.805)	0
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap	8	(1.677.559)	(254.138)
		(1.683.364)	(254.138)
Afkoma ársins		(52.135.152)	(23.819.633)
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur	2	(52.135.152)	(23.769.633)
Rekstrartilfærslur		0	(50.000)
		(52.135.152)	(23.819.633)

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr	31.12.2021	31.12.2020
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	9		
Áhöld, tæki og búnaður		31.797.768	28.592.117
Aðrar eignir		1.155.000	1.155.000
		<u>32.952.768</u>	<u>29.747.117</u>
Fastafjármunir samtals		<u>32.952.768</u>	<u>29.747.117</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur	10	2.351.789	541.242
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	11	34.661.319	1.299.527
Handbært fé		37.734.744	21.069.850
		<u>74.747.852</u>	<u>22.910.619</u>
Veltufjármunir samtals		<u>74.747.852</u>	<u>22.910.619</u>
Eignir samtals		<u>107.700.620</u>	<u>52.657.736</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	12		
Hrein eign		(61.685.197)	(9.550.045)
Eigið fé samtals		<u>(61.685.197)</u>	<u>(9.550.045)</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	10	70.054.994	3.979.958
Viðskiptaskuldir		13.539.867	3.268.618
Ýmsar skammtímaskuldir	13	52.548.996	25.399.372
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	14	33.241.960	29.559.833
		<u>169.385.817</u>	<u>62.207.781</u>
Skuldir samtals		<u>169.385.817</u>	<u>62.207.781</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>107.700.620</u>	<u>52.657.736</u>
Aðrar upplýsingar	15		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		(52.135.152)	(23.819.633)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	7	6.098.434	6.289.402
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(6.098.434)	(6.289.402)
		<u>(52.135.152)</u>	<u>(23.819.633)</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		(35.172.339)	2.620.337
Tengdir aðilar		66.551.512	23.577.020
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		37.420.873	(3.811.150)
		<u>68.800.046</u>	<u>22.386.207</u>
		<u>16.664.894</u>	<u>(1.433.426)</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	9	(9.304.085)	(3.799.046)
		<u>(9.304.085)</u>	<u>(3.799.046)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Fjárfestingarframlag		4.823.524	3.799.046
Gjafaframlög til fjárfestinga		4.480.561	0
		<u>9.304.085</u>	<u>3.799.046</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		16.664.894	(1.433.426)
		<u>21.069.850</u>	<u>22.503.276</u>
		<u>37.734.744</u>	<u>21.069.850</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlaun reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlaun tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Aðrar tekjur

Aðrar tekjur samanstanda af Innritunargjöldum í dagskóla og fjarnám.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Aðrar eignir	óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluþegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Skýringar

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2021	2020
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	588.500.000	611.873.859
Tekjufærsla frestaðra tekna	6.098.434	6.289.402
	<u>594.598.434</u>	<u>618.163.261</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	581.200.000	0	0	581.200.000
Launabætur	3.200.000	0	0	3.200.000
Millifært úr varasjóð	4.100.000	0	0	4.100.000
Fjárveiting til tekna	588.500.000	0	0	588.500.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum	(640.635.152)	0	0	(640.635.152)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(52.135.152)	0	0	(52.135.152)

	2021	2020
3 Aðrar tekjur		
Sala á vöru og þjónustu	35.812.500	31.137.500
	<u>35.812.500</u>	<u>31.137.500</u>

4 Framlög og ýmsar tekjur

Leigutekjur	21.465.404	7.806.292
Kostnaðarhlutdeild	0	1.048.000
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta	0	1.560.000
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	937.000	0
Ýmsar tekjur	325.500	256.500
	<u>22.727.904</u>	<u>10.670.792</u>

	2021	2020
5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður		
Laun	419.639.067	406.556.555
Orlof, breyting	8.912.931	(906.846)
Launatengd gjöld	95.340.169	93.908.358
Starfsmannakostnaður	1.093.808	566.600
	<u>524.985.975</u>	<u>500.124.667</u>

Meðalfjöldi stöðugilda	39,1	38,9
------------------------------	------	------

Skýringar

	2021	2020
6 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	869.799	883.055
Byggingarvörur, almennar	1.970	11.983
Tæki og búnaður til innréttinga	107.780	0
Ýmis tæki og áhöld	765.329	1.410.690
Varahlutir og viðhaldsvörur	34.961	308.083
Orkugjafar	1.829.696	6.367.238
Matvæli	795.120	1.672.284
Almennar rekstrarvörur	882.135	1.424.408
Vörukaup, almenn	5.286.790	12.077.741
Kennslu- og föndurvörur	171.210	604.870
Ýmsar sérgreindar vörur	0	24.410
Vörukaup, sérgreind	171.210	629.280
Fundir, námskeið, risna	622.013	570.693
Ferðir, uppihald	136.423	921.333
Akstur	91.201	355.680
Sérfræðiþjónusta	12.609.162	10.266.882
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	148.917	203.688
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	(60.533)	162.926
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	2.187.304	780.391
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	15.734.487	13.261.593
Samningsbundin kaup og leiga	77.408	99.200
Afnotagjöld	1.828.063	2.358.226
Leigugjöld	147.576.968	143.131.903
Notkun véla og flutningatækja	511.632	671.363
Verkkaup	643.418	3.426.081
Kostnaðarhlutdeild	800.216	886.545
Opinber gjöld	331.228	72.780
Tilfærslur	74.099	141.510
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	151.843.032	150.787.608
Annar rekstrarkostnaður samtals	173.162.708	178.215.479
7 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	6.098.434	6.289.402
	6.098.434	6.289.402
8 Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		
Fjármagnskostnaður	1.677.559	254.138
	1.677.559	254.138

Skýringar

31.12.2021 31.12.2020

9 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður	31.797.768	28.592.117
Aðrar eignir	1.155.000	1.155.000
	<u>32.952.768</u>	<u>29.747.117</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2021:

	Áhöld, tæki og búnaður	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2021	66.913.711	1.209.905	68.123.616
Viðbætur á árinu	9.304.085	0	9.304.085
	<u>76.217.796</u>	<u>1.209.905</u>	<u>77.427.701</u>
Afskriftir 01.01.2021	38.321.594	54.905	38.376.499
Afskrift ársins	6.098.434	0	6.098.434
	<u>44.420.028</u>	<u>54.905</u>	<u>44.474.933</u>
Staða 31.12.2021	<u>31.797.768</u>	<u>1.155.000</u>	<u>32.952.768</u>

10 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	68.546.269	3.979.958
	<u>70.054.994</u>	<u>3.979.958</u>

11 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreiddur kostnaður	34.661.319	657.026
Skattar	0	642.501
	<u>34.661.319</u>	<u>1.299.527</u>

12 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

31.12.2021 31.12.2020

Hrein eign

Jöfnuður 1.1.	(9.550.045)	14.269.588
Afkoma ársins	(52.135.152)	(23.819.633)
Jöfnuður 31.12.	<u>(61.685.197)</u>	<u>(9.550.045)</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

Skýringar

	31.12.2021	31.12.2020
13 Ýmsar skammtímaskuldir		
Ógreitt orlof	34.776.635	26.353.704
Önnur ógreidd gjöld	17.272.361	(954.332)
Skattar	500.000	0
	<u>52.548.996</u>	<u>25.399.372</u>

14 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2021	31.12.2020
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	32.952.768	29.747.117
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað til fjárfestinga)	289.192	(187.284)
	<u>33.241.960</u>	<u>29.559.833</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2021	29.747.117	(187.284)	29.559.833
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	5.300.000	5.300.000
Gjafir til fjárfestinga	0	4.480.561	4.480.561
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	9.304.085	(9.304.085)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(6.098.434)	0	(6.098.434)
	<u>32.952.768</u>	<u>289.192</u>	<u>33.241.960</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2021 munu kr. 6,9 milljónir koma til tekna á árinu 2022.

15 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert ótímabunda skuldbindandi samninga um húsnæði og þjónustusamninga um rekstur og vörslu hugbúnaðarkerfa. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 160,2 milljónum og vegna þjónustu- og vörslusamninga kerfa kr. 6,7 milljónum.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.